



HRUNAMANNAHREPPUR

31. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR KJÖRTÍMABILÍÐ 2022 – 2026

18. FUNDUR ÁRSINS

Árið 2023, þann 19. október kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 17:00 í Ráðhúsi sveitarfélagsins.

Eftirtaldir sátu fundinn: Jón Bjarnason, Bjarney Vignisdóttir, Sigfríð Lárusdóttir í forföllum Herberts Haukssonar, Daði Geir Samúelsson og Alexandra Rós Jóhannesdóttir. Auk þeirra sat fundinn Aldís Hafsteinsdóttir sveitarstjóri, sem skráði fundargerð í tölvu.

Jón Bjarnason setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir komu fram.

Í upphafi fundar bar oddviti upp dagskrárbreytingatillögu um að við bætist eftirfarandi liður: nr. 29, beiðni um að fallið sé frá forkaupsrétti og nr. 30, kvennaverkfall 24. október 2023. Tölusetning annarra liða breytist í samræmi við þetta. Tillagan samþykkt samhljóða.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

1. **Lýðheilsu- og æskulýðsnefnd: Fundargerð 7. fundar frá 5. september sl.**
Lögð fram fundargerð 7. fundar Lýðheilsu- og æskulýðsnefndar ásamt kynningarefni sem dreift var til allra íbúa vegna heilsuviku sem haldin var í sveitarfélaginu dagana 18.-24. september s.l..

Fundargerðin lögð fram til kynningar um leið og sveitarstjórn þakkar nefndarmönnum fyrir þá vinnu sem þeir inntu af hendi vegna heilsuvikunnar en dagskrá hennar var bæði fjölbreytt og skemmtileg. Sveitarstjórn samþykkir um leið að stefnt verði að heilsuviku að ári.

2. **Lýðheilsu- og æskulýðsnefnd: Fundargerð 8. fundar frá 28. september sl.**
Lögð fram fundargerð 8. fundar Lýðheilsu- og æskulýðsnefndar.

Fundargerðin lögð fram til kynningar en sveitarstjórn mun taka mið af þeim ábendingum sem þarna koma fram við gerð fjárhagsáætlunar ársins 2024.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps:

3. **Fundargerð 267. fundar skipulagsnefndar frá 11. október sl. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 4. október sl.**
Lögð fram fundargerð 267. fundar skipulagsnefndar frá 11. október sl. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 4. október sl.

Eftirfarandi mál afgreidd sérstaklega:

Mál nr. 21. Auðsholt 1 og Auðsholt 3: Auðsholt 1B og Auðsholt 3B; Stofnun lóða.

Bjarney Vignisdóttir vék af fundi við afgreiðslu málsins. Lagðar eru fram umsóknir um stofnun tveggja landeigna. Óskað er eftir að stofna 5,4 ha landeign, Auðsholt 1B, úr Auðsholti 1 L166716. Garðávaxtageymsla er innan nýju landeignarinnar. Einnig er óskað eftir að stofna 48,3 ha landeign, Auðsholt 3B, úr Auðsholti 3 L166718. Engin mannvirki eru innan landeignarinnar. Aðkomur eru um heimreið að Auðsholtsbæjum eins og sýndar eru á uppdráttum. Kvöð er um þær aðkomur eða aðrar sambærilegar.

Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við stofnun umsótttra lóða skv. fyrirbyggjandi umsóknum. Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykki erindið.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir erindið.

Mál nr. 22. Ás: Náttúruleigin Hrunalaug; Deiliskipulag.

Lögð er fram tillaga nýs deiliskipulags sem tekur til Hrunalaugar. Í skipulaginu felst m.a. að skilgreindir eru tveir byggingarreitir innan svæðisins, byggingarreit A og B. Á byggingarreit A er heimilt er að byggja tvö þjónustu- og salernishús. Stærð hvorra húsa má vera allt að 150 m² og hámarks mænishæð 3 m frá gólfplötu. Á byggingarreit B er gert ráð fyrir skiptiaðstöðu fyrir laugina að hámarki 50 m².

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að deiliskipulagið verði samþykkt og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur fyrir gerð deiliskipulagstillögunnar liggi fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir deiliskipulagið og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur fyrir gerð deiliskipulagstillögunnar liggi fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins.

Mál nr. 24. Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 4. október sl.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 4. október sl.

4. Byggðasamlag UTU bs.: Fundargerð 103. fundar stjórnar frá 9. október sl.

Lögð fram fundargerð 103. fundar stjórnar byggðasamlags UTU bs.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

5. Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita bs.: Fundargerð aðalfundar frá 11. október sl.

Lögð fram fundargerð aðalfundar Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita bs.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

6. Skóla- og velferðarþjónusta Árneshvíls: Fundargerð stjórnar frá 24. ágúst sl.

Lögð fram fundargerð Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíls.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

7. Skóla- og velferðarþjónusta Árneshvíls: Fundargerð stjórnar frá 17. október sl.

Lögð fram fundargerð Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíls.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

8. Bergrísinn bs.: Fundargerð 62. stjórnarfundar frá 28. ágúst sl.

Lögð fram fundargerð 62. stjórnarfundar Bergrísans bs.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

9. Bergrísinn bs.: Fundargerð 63. stjórnarfundar frá 18. september sl.

Lögð fram fundargerð 63. stjórnarfundar Bergrísans bs.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

10. Framkvæmdaráð Almanna- og Félagssýslu: Fundargerð 3. fundar frá 28. 09. sl.

Lögð fram fundargerð 3. fundar framkvæmdaráðs Almanna- og Félagssýslu.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

11. Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 231. fundar frá 5. október sl.

Lögð fram fundargerð 231. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

12. Brunavarnir Árnassýslu: Fundargerð 11. fundar stjórnar frá 12. september sl.

Lögð fram fundargerð 11. fundar stjórnar Brunavarna Árnassýslu.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

13. Brunavarnir Árnassýslu: Fundargerð 12. fundar stjórnar frá 28. september sl.

Lögð fram fundargerð 12. fundar stjórnar Brunavarna Árnassýslu.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

14. Brunavarnir Árnassýslu: Fundargerð 13. fundar stjórnar frá 3. október sl.

Lögð fram fundargerð 13. fundar stjórnar Brunavarna Árnassýslu.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

15. Byggðasafn Árnesinga: Fundargerð 8. fundar stjórnar frá 27 september sl.

Lögð fram fundargerð 8. fundar stjórnar Byggðasafns Árnesinga.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

16. Tónlistarskóli Árnesinga: Fundargerð 208. fundar stjórnar frá 25. september sl.

Lögð fram fundargerð 208. fundar stjórnar Tónlistarskóla Árnesinga.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

17. Tónlistarskóli Árnesinga: Fundargerð 209. fundar stjórnar frá 28. september sl.

Lögð fram fundargerð 209. fundar stjórnar Tónlistarskóla Árnesinga.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Erindi til sveitarstjórnar:

18. Umsagnarbeiðni frá Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis frá 29. september 2023.

Lögð fram umsagnarbeiðni frá Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fasteignalán til neytenda, nr. 118/2016 (lántökuskilyrði vegna íbúðafjárfestinga) 171. mál.

Lagt fram til kynningar.

19. Umsagnarbeiðni frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis frá 29. sept. 2023.

Lögð fram umsagnarbeiðni frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis um tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga fyrir árin 2024-2038 og aðgerðaráætlun fyrir árin 2024-2028, 182. mál.

Lagt fram til kynningar.

20. Umsagnarbeiðni frá Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis frá 10. okt. 2023.

Lögð fram umsagnarbeiðni frá Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis um frumvarp til laga um Miðstöð menntunar og skólaþjónustu, 238. mál.

Lagt fram til kynningar.

21. Umsagnarbeiðni frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis frá 12. október 2023.

Lögð fram umsagnarbeiðni frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis um tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2024-2038 ásamt fimm ára aðgerðaráætlun fyrir árin 2024-2028, 315. mál.

Sveitarstjórn fagnar því markmiði sem fram kemur í fyrirbyggjandi samgönguáætlun en þar kemur fram að samgöngur eigi að vera greiðar, öruggar, hagkvæmar og umhverfislega sjálfbærar auk þess að þær stuðli að jákvæðri byggðapróun. Eitt af höfuðmarkmiðum í áætluninni er bætt vetrarþjónusta og fækkun malarvega og í því sambandi hefur verið rætt um að framkvæmdir og þjónusta eigi að taka mið af umferðarþunga. Því minnir sveitarstjórn á fyrri erindi vegna vetrarþjónustu á Skeiða- og Hrunamannavegi frá Flúðum og að Biskupstungnabraut. Snjómokstur á þeim vegi, frá Flúðum að Kjóstöðum, er eingöngu tvisvar í viku sem er einsdæmi ef horft er til stofnvega á Suðurlandi.

Einnig er minnt á mikilvægi þess að stofnvegum á Gullna hringnum verði vel sinnt en á Gullna hringnum eru ma. fjölsóttustu ferðamannastaðir landsins Þingvellir, Geysir og Gullfoss. Sveitarstjórn tekur undir sjónarmið sveitarstjórnar Bláskógabyggðar um að ný brú verði byggð yfir Tungufljót milli Gullfoss og Geysis fyrr en áætlunin gerir ráð fyrir en líklega er hér um fjölförnustu einbreiðu brú landsins er að ræða.

Að lokum vill sveitarstjórn ítreka mikilvægi þess að vegakerfi Suðurlands sé sinnt með þeim hætti að öryggi sé tryggt enda eru á svæðinu fjölförnustu vegir landsins með tilheyrandi hættu og umferðarþunga.

22. Bréf frá Innviðaráðuneytinu frá 29. september 2023.

Lagt fram bréf frá Innviðaráðuneytinu vegna alþjóðlegs minningardags Sameinuðu þjóðanna um fórnarlömb umferðarslysa. Dagurinn er haldinn þriðja sunnudag í nóvember ár hvert og er nú haldinn þann. 19. nóvember. Dagurinn er fyrst og fremst tileinkaður minningu þeirra sem látist hafa í umferðinni. Að þessu sinni verður dagurinn helgaður fyrstu viðbrögðum og neyðarhjálp á slysstað.

Lagt fram til kynningar.

23. Bréf frá Umboðsmanni barna frá 10. október 2023.

Lagt fram bréf frá Umboðsmanni barna vegna barnaþings sem fram fer í Hörpu dagana 16.-17. nóvember 2023.

Lagt fram til kynningar en fulltrúar okkar munu sitja þennan fund auk þess sem sveitarstjóri mun sitja fund bæjar- og sveitarstjóra barnvænna sveitarfélaga sem boðaður hefur verið þann 2 nóvember n.k..

24. Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga frá 5. október 2023.

Lagt fram bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga þar sem minnt er á að skv. 2. mgr. 19. gr laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna og 2. gr. í lögum nr. 129/2020 um skrá yfir störf hjá sveitarfélögum sem heimild til verkfalls nær ekki til, skulu sveitarfélög fyrir 1. febrúar ár hvert, að undangengnu samráði við viðkomandi stéttarfélög, birta skrár (lista) yfir þá starfsmenn sem ekki hafa verkfallsheimild.

Sveitarstjóra falið að vinna umræddan lista í samráði við stéttarfélögin.

25. Bréf frá framkvæmdastjóra EBÍ frá 13. október 2023.

Lagt fram bréf frá framkvæmdastjóra EBÍ þar sem tilkynnt er ágóðahlutagreiðsla ársins 2023 að upphæð kr. 50 milljónir. Hlutdeild sveitarfélagsins í Sameignarsjóði EBÍ er 0,621% og greiðsla ársins þann 3. nóvember verður þá hlutfall af kr. 50 milljónum eða kr. 310.500. Fulltrúaráð félagsins hefur hvatt aðildarsveitarfélögin til að nýta þetta framlag til að stuðla að bættum bruna- og forvörnum í sveitarfélögum enda hefur það ávallt verið megintilgangur þessa framlags.

Lagt fram til kynningar.

26. Bréf frá Klúbbnum Strók – virknimiðstöð, ódagss.

Lagt fram bréf frá Klúbbnum Strók með beiðni um fjárstuðning til að geta haldið starfseminni gangandi. En Strókur er virkni- og endurhæfingarúrræði, staðsett á Selfossi og opið öllum íbúum á Suðurlandi. Aðal markmið Klúbbsins Stróks er að styðja við bataferli notenda heilbrigðiskerfisins og að fólk með geðraskanir og/eða félagslega einangrun fái úrræði við sitt hæfi í heimabyggð.

Sveitarstjórn samþykkir styrk að upphæð kr. 50.000,- til verkefnisins.

27. Bréf frá Aflinu, ódagss.

Lagt fram bréf frá Aflinu, sem eru samtök fyrir þolendur ofbeldis. Vegna aukinnar aðsóknar í þjónustu Aflsins óska samtökin eftir styrk að upphæð kr. 100.000. Einnig er boðið upp á að gera sérsniðinn þjónustusamning við Aflið, sem myndi henta sérstaklega þolendum ofbeldis í sveitarfélaginu.

Sveitarstjórn sér sér því miður ekki fært að verða við erindinu.

28. Bréf frá Vinnuhópi Flúðaskóla um vinnutímastyttingu frá 10. október 2023.

Lagt fram bréf frá Vinnuhópi Flúðaskóla um vinnutímastyttingu/betri vinnutíma. Gildir tillagan fyrir yfirstandandi skólaár.

Sveitarstjórn samþykkir tillöguna og hvetur til samtals um vinnutímastyttingu skólaársins 2024-2025 hið fyrsta.

29. Beiðni um að fallið sé frá forkaupsrétti.

Lögð fram beiðni um að Hrunamannahreppur falli frá forkaupsrétti sínum að Ásabyggð 14, fastanúmer 220-4120.

Sveitarstjórn samþykkir að fallið sé frá forkaupsrétti að Ásabyggð 14, fastanúmer 220-4120.

30. Kvennaverkfall 24. október 2023

Boðað hefur verið kvennaverkfall þriðjudaginn 24. október þar sem konur og kynsegin fólk er hvatt til að leggja niður launaða og ólaunaða vinnu þann dag. Mikill meirihluti starfsmanna sveitarfélaga í heild sinni, og Hrunamannahrepps þar af leiðandi einnig, eru konur. Sveitarstjórn metur vinnuframlag kvenna mikils og styður við réttindabaráttu þeirra sem og allra þeirra sem ekki njóta jafnréttis í dag.

Kjósi konur sem starfa hjá sveitarfélaginu að leggja niður störf þennan dag mun það óhjákvæmilega leiða til þess að ekki verður hægt að halda einhverjum stofnunum opnum svo sem leik- og grunnskóla.

Sveitarstjórn samþykkir að laun þeirra kvenna og kynsegin fólks sem leggja niður störf 24. október, til að taka þátt í auglýstum samstöðufundi, verði ekki skert. Það er í höndum stjórnenda á hverjum stað að gera ráðstafanir ef þess verður þörf og upplýsa foreldra og aðra íbúa um stöðuna.

31. Næsti fundur sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn samþykkir að næsti fundur sveitarstjórnar verði þann 1. nóvember kl. 16:00.

Mál til kynningar:

32. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 934. fundar stjórnar frá 29.9.2023.

Lagt fram til kynningar.

33. Bréf frá stjórn og varastjórn Stóru-Laxárdeildar Veiðifélags Árnesinga.

Lagt fram til kynningar.

34. Boð á aðalfund Heilbrigðiseftirlits Suðurlands bs. þann 27. október.

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 18:42